

Alþingi
Erindi nr. P 140/1053
komudagur 16. 2. 2011



Forseti Alþingis
Ásta R. Jóhannesdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fje.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 13. febrúar 2012
Tilv.: FJR12010171/0.4.1


459. mál


Efni: Skrifleg fyrirspurn um tekjuskatt o.fl., sbr. þskj. 703, frá Tryggva Þór Herbertssyni

Fjármálaráðuneytið hefur fengið til meðferðar ofangreinda fyrirspurn þar sem farið er fram á all ítarlega greiningu á skattgögnum og útreikninga byggða á þeim. Starfsmenn ráðuneytisins, sem um þessi mál fjalla, er undir miklu álagi m.a. vegna annarra fyrirspurna og skýrslubeiðna. Af þessu leiðir að ef svara á fyrirspurninni innan tilskilinna tímamarka verður svarið alls ófullnægjandi. Ráðuneytið telur því óhjákvæmilegt að svar við fyrirspurninni berist síðar en tilskilinn frestur heimilar og mun leitast við að tryggja að ekki verði óhæfilegur dráttur á svari.

Ráðuneytið vonast til þess að Alþingi sýni skilning á þessum aðstæðum, en vill jafnframt nefna að æskilegt sé að áður en fyrirspurnir eru heimilaðar, þar sem fyrirsjáanlegt er að mikil vinna fylgir fullnægjandi svari eða skýrslugerð, sé haft samráð við viðkomandi ráðuneyti um hvernig aðstæður séu til að verða við slíkum óskum Alþingis.

Fyrir hönd ráðherra


Guðmundur Arnason


Sigurður Guðmundsson